

AUGLÝSING

um deiliskipulag Köldukvíslarvirkjunar í Tjörneshreppi.

Hreppsnefnd Tjörneshrepps samþykkti 26. júní 2007 tillögu að deiliskipulagi Köldukvíslarvirkjunar í landi Kvíslarhóls og Eyvíkur á Tjörnesi, skv. 25. gr. og 3. tl. ákvæða til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

Skipulagssvæðið afmarkast af svæði frá mótum Köldukvísar og Tunguár niður við sjó og nær um 3 km inn til lands meðfram Köldukvísl til suðausturs. Breidd svæðisins er 70–970 metrar. Gerð virkjunarinnar er rennslisvirkjun, og ástimplað afl allt að 2000 kw.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir inntaksmannvirki, 40 m breiðri stíflu með hámarkshæð 8 m og 7500 m² inntakslóni, aðrennslisrör er 2830 m, niðurgráfin lögn er 800 mm í þvermál og 150 m² stöðvarhúsi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ytri-Tungu, 11. júlí 2007.

Jón Heiðar Steinhórnsson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 11. júlí 2007